



## Félag háskólakennara

### Aðalfundur Félags háskólakennara haldinn miðvikudaginn 25. maí 2022

Baldvin Zarióh formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 12:00 og lagði til að Sigríður Jónsdóttir verði fundarstjóri fundarins. Það var samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vikna fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins. Gengið var til dagskrár.

1. Lögð fram ársskýrsla.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. reglna um sjóðinn.
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 8. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 8. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

#### 1. Skýrsla stjórnar 2021 - 2022

Baldvin Zarióh formaður Félags háskólakennara flutti skýrslu stjórnar. Rakti hann helstu verkefni og störf stjórnarinnar á liðnum vetri. Í samráðsnefnd um kjaramál hefur verið unnið að ýmsum réttindamálum doktorsnema, m.a. komið á fót embætti umboðsmanns doktorsnema.

Einnig hefur verið unnið að ýmsum réttindamálum akademískra starfsfólks og starfsfólks stjórnsýslu. Nýtt endurskoðað matskerfi opinberra háskóla tók gildi 1. janúar 2022, sem kemur fyrst til framkvæmda við mat verka og starfa ársins 2022. Starfshópur um greiðslufyrirkomulag kennslu hefur verið að störfum frá ársbyrjun 2021. Hópurinn skilaði af sér skýrslu ári síðar og ákveðið hefur verið að framhald verði á vinnu hópsins, við útfærslu og þróun sviðmynda sem í skýrslunni eru. Frá apríl síðastliðnum hefur starfsfólk í stjórnsýslu getað séð heildarstig skv. Starfsmatskerfinu SKREFI, sem er grundvöllur launasetningar. Vinna hefur verið í gangi við útfærslu kerfisins og mun halda áfram á komandi vetri. Félagið hefur einnig kallað eftir ýmsum úttektum á reynslu við styttingu vinnuvikunnar.

Félagið stóð fyrir launakönnun meðal félagsmanna í upphafi árs 2022. Tilgangur hennar er að undirbúa komandi kjaraviðræður, en kjarasamningur félagsins gildir til 31. mars 2023.

Félag háskólakennara á fulltrúa í stjórn BHM, stjórn Orlofssjóðs BHM og í kjaranefnd BHM og þannig tekið virkan þátt í störfum BHM og stefnumótun bandalagsins. Félagið mun halda áfram að taka virkan þátt í störfum BHM á komandi vetri.

Að lokum þakkaði formaður stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra félagsins gott samstarf á liðnum vetri.

Íris Davíðsdóttir flutti skýrslu Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara (SFH). Íris sagði frá því að nýjar reglur sjóðsins hafi tekið gildi 1. janúar 2022. Meðal annars var hámarksstyrkur hækkaður úr kr. 500.000 á 18 mánaða tímabili í kr. 600.000, auk þess sem skerpt var á ýmsum styrktarreglum.

Þá var umsókn frá stofnun samþykkt í fyrsta skipti í sögu sjóðsins var skv. bókun í kjarasamningi og reglum sjóðsins.

Þá hefur stjórn sjóðsins lagt mikla áherslu á að kynna sjóðinn og möguleika félagsmanna og stofnana á að nýta sér þau réttindi sem honum fylgja. Þær áherslur hafa sannarlega skilað sér í fjölgun umsókna á liðnum vetri.

## 2. Ársreikningur

Guðmundur Ingi Guðmundsson gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins, kjaradeilusjóðs og Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakenna, fyrir árið 2021.

Rekstrarreikningur félagsins ársins 2021 sýndi hagnað á rekstri um rúmar 9 milljónir króna. Eignarstaða félagsins er góð og nemur handbært fé í árslok rúmunum 17 milljónum króna.

Kjaradeilusjóður á eignir sem nema tæpum 111 milljónum króna.

Starfsþróunarsjóður skilaði rúmunum 45 milljóna króna hagnaði og á eignir sem nema rúmunum 208 milljónum króna.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Einar Guðbjartsson spurði um hlutdeild fasta kostnaðarins í rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins gaf skýringar á því.

Hervör Alma Árnadóttir benti á vitlaust blaðsíðutal í ársreikningi.

Jóna Margrét Ólafsdóttir spurði hvort hægt væri að taka upp önnur mál undir þessum lið. Fundarstjóri svaraði því til og sagði að nú væri einungis umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning. Umræður um önnur mál, færu fram skv. dagskrá, undir önnur mál.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

## 3. Félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð

Formaður gerði grein fyrir tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjöld eða 0,55% af heildarlaunum félagsgjalda ásamt óbreyttu hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sem er 9,1% af félagsgjöldum.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því koma með spurningar um félagsgjaldið og hlutdeild þess í kjaradeilusjóð.

Einar Guðbjartsson spurði hvort vitað væri um áhrif þess ef félagsgjöldin yrðu tekin af dagvinnulaunum í stað heildarlauna. Baldvin formaður svaraði fyrirspurninni og sagði frá því að áður hefðu félagsgjöldin verið 0,7% af dagvinnulaunum. Þegar samþykkt var á aðalfundi 2017 að miða félagsgjöld við heildarlaun var á sama tíma samþykkt að lækka þau í 0,55%. Ljóst yrði að það hefði áhrif á rekstur félagsins ef miðað væri við dagvinnulaun og sennilega myndi það þýða hækkun félagsgjalda, ekki síst vegna nýs gjaldamóðels BHM.

Einar Guðbjartsson vildi vita hver félagsgjöldin þyrftu að vera ef miðað væri við dagvinnulaun, án þess að rekstri félagsins yrði ógnað og fá sundurliðun á því. Hervör Alma Árnadóttir tók undir það. Framkvæmdastjóri svaraði því til að sennilega þyrftu félagsgjöldin að hækka aftur í 0,7% til þess að rekstur félagsins stæði undir sér.

Fundarstjóri vísaði málinu til stjórnar og ákveðið var að framkvæmdastjóri skoði málið og geri úttekt á áhrifum á hlutfalli heildarlauna annars vegar og dagvinnulauna hins vegar, á félagsgjöld.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjald. Tillagan var samþykkt samhljóða. Tveir sátu hjá.

## 4. Tillögur um lagabreytingar

Íris Davíðsdóttir gerði grein fyrir tillögu stjórnar um lagabreytingu. Tillagan er þessi:

2. tl. 5. gr. laga um dagskrá aðalfundar verði:

„2. Lagðir fram reikningar félagsins.“

Greinin í núverandi lögum hljóðar svo:

„2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins“

Hér er lagt til að orðið „endurskoðaðir“ falli niður. Rökin fyrir því eru vegna tilkomu nýrra staðla í lögum um endurskoðendur og endurskoðun.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um tillögu stjórnar.

Einar Guðbjartsson benti á að misræmi væri á milli þess sem stendur í lögum og áritun ársreiknings. Formaður og framkvæmdastjóri gáfu skýringu á því.

Einar Guðbjartsson lagði fram breytingartillögu sem hljóðar svo:

”Lagðir fram kannaðir reikningar félagsins skv. alþjóðlegum stöðlum”

Fundarstjóri bar upp breytingartillöguna til samþykktar. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundarstjóri bar upp lög Félags háskólakennara í heild sinni til samþykktar og voru þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **5. Kosning stjórnar**

Í bréfi kjörnefndar til stjórnar dags. 12. maí 2022 er lagt til eftirfarandi:

Formaður til eins árs:

Baldvin M. Zariou, deildarstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviði.

Meðstjórnendur til tveggja ára:

Ármann Höskuldsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun.

Íris Davíðsdóttir, rekstrarstjóri við Raunvísindastofnun.

Jóna Margrét Ólafsdóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild.

Sævar Ingþórsson, dósent við Hjúkrunarfræðideild.

Fulltrúi launþega á styrk til eins árs.

Pontus Erik Gunnar Järvstad, doktorsnemi við Hugvísindasvið.

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur tölvupóstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns, fjögur um aðra stjórnarmenn og eitt framboð fyrir fulltrúa á styrk. Ljóst var því að kjósa þurfti um þrjú sæti meðstjórnenda til tveggja ára.

Fundarstjóri tilkynnti að sjálfkjörið var í embætti formanns og fulltrúa á styrk og fengu þeir Baldvin og Pontus lófaklapp frá fundarmönnum.

Fundarstjóri bauð þeim fulltrúum sem boðið höfðu sig fram til stjórnar félagsins að kynna sig.

Ármann Höskuldsson, tók til máls og kynnti sig og sagði frá því að hann hefði verið í stjórn félagsins undanfarin ár og hefði mikinn áhuga á því að starfa áfram fyrir félagið.

Íris Davíðsdóttir, sagði frá störfum sínum fyrir félagið undanfarin ár fyrst sem trúnaðarmaður og síðan stjórnarmaður. Þá hefur hún setið í stjórn BHM undanfarin ár og hefur fullan hug á því að starfa áfram fyrir félagið.

Jóna Margrét Ólafsdóttir tók til máls og sagði að hún hefði ekki áður setið í stjórn félagsins en vilji láta til sín taka í kjarabaráttu félagsins og því hefði hún nú ákveðið að bjóða sig fram til stjórnar. Hún brennur fyrir kjaramálin.

Sævar Ingþórsson var ekki viðstaddur á fundinum.

Gengið var til kosninga. Fundarmenn greiddu atkvæði í leynilegri kosningu þar sem þeir voru beðnir um merkja við þrjú nöfn á kjörseðli. Alls tóku 20 fundarmenn þátt í kosningunni. Atkvæði voru talin og niðurstaðan var þessi:

Íris, 17 atkvæði.

Ármann, 16 atkvæði.

Jóna Margrét, 12 atkvæði.

Sævar, 12 atkvæði.

Eitt atkvæði var ógilt, þar sem einungis var merkt við tvö nöfn á kjörseðlinum.

Fundarstjóri lagði til að endurtalning atkvæða færi fram. Atkvæði voru talin á ný og niðurstaðan var þessi:

Íris, 17 atkvæði.

Ármann, 16 atkvæði.

Jóna Margrét, 12 atkvæði.

Sævar, 12 atkvæði.

Eitt atkvæði var ógilt, þar sem einungis var merkt við tvö nöfn á kjörseðlinum.

Umræður fóru fram um framhaldið. Ýmis sjónarmið komu fram m.a. um að ganga aftur til kosninga en engin formleg tillaga þess efnis, ekki síst vegna þess að nokkrir fundarmenn höfðu yfirgefið fundinn. Þá var einnig velt upp þeirri hugmynd að boða til annars aðalfundar til þess að útkljá stjórnarkjorið. Fundarstjóri sagði að hlutkesti væri ein leiðin til þess að fá niðurstöðu í stjórnarkjör, þegar atkvæði eru jöfn.

Einar Guðbjartsson lagði fram tillögu þess efnis að kosning færi fram um að haldinn verði framhaldsaðalfundur þar sem kosning stjórnarmanna færi fram aftur.

Fundarstjóri bar upp tillöguna. Tíu fundarmenn voru á móti en fimm fundarmenn greiddu með tillögunni og var tillagan því felld.

Fundarstjóri gaf að því loknu færi á umræðum um stöðuna.

Að því loknu lagði Baldvin Zarióh fram formlega tillögu um að hlutkesti skyldi ráða stjórnarkjóri.

Einar Guðbjartsson lagði fram frávísunartillögu um að hlutkesti skyldi ráða stjórnarkjóri.

Fundarstjóri bar upp framvísunartillögu um að nota hlutkesti í úrslitum stjórnarkjörs. Fimm fundarmenn greiddu atkvæði gegn tillögunni og fjórir greiddu atkvæði með tillögunni. Frávísunartillagan var því felld.

Fundarstjóri bar þá upp tillöguna um að hlutkesti skyldi ráða úrslitum um stjórnarkjör. Tíu fundarmenn greiddu með tillögunni en tveir voru á móti. Tillagan var því samþykkt.

Fundarstjóri gerði hlé á fundinum.

Fundarstjóri hóf aðalfund félagsins aftur eftir stutt hlé.

Fundarstjóri las upp úr bók um fundarsköp og þar kemur fram að beita megi hlutkesti þegar atkvæði falla jöfn.

Sigurður Guðnason bauð sig fram til að kasta upp peningi. Sævar Ingbórsson tók hlið hrognkelsis og Jóna Margrét Ólafsdóttir hlið skjaldarmerkis. Peningurinn var látinn falla á gólfið og skjaldarmerkið kom upp. Jóna Margrét Ólafsdóttir var því kosin til stjórnar Félags háskólakennara til næstu tveggja ára.

## **6. Kosning kjörnefndar**

Tillaga stjórnar um kjörnefnd lá fyrir og var eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Sigríður Jónsdóttir.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt með lófaklappi

## **7. Kosning skoðunarmanna reikninga**

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir og var eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir

Reynir Örn Jóhannesson

Einar Guðbjartsson spyr hvort stjórnin hafi tekið fyrir hæfi skoðunarmanna? Las upp úr grein úr lögum ársreikninga og spyr hvernig hægt er að kjósa skoðunarmenn ef stjórn hefur ekki tekið fyrir hæfi skoðunarmanna, að það sé ólöglegt.

Baldvin Zarióh benti Einari á að stjórn hafi ekki gert neitt ólöglegt, enda er ekki gerð krafa um það í lögum að stjórn kanni sérstaklega hæfi þeirra sem gefa kost á sér sem skoðunarmenn reikninga. Einar Guðbjartsson baðst þá afsökunar á ummælunum.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Einn sat hjá.

## 8. Önnur mál

Einar Guðbjartsson vildi taka upp nokkur mál undir önnur mál. Fyrsta mál, kjör félagsmanna og hvernig hægt sé að bæta þau. Hann spyr hver væri ástæða þess að kennsluyfirvinna sé enn í kjarasamningum og hvernig það ákvæði hafi komið inn í samninginn. Hvers vegna ein starfsstétt sé tekin út fyrir sviga og laun þeirra vegna yfirvinnu lækkuð. Almennar umræður áttu sér stað um efnið.

Annað mál: Stytting vinnuvikunnar. Hvað hefur félagið gert fyrir akademíska félagsmenn vegna styttingu vinnuvikunnar.

Baldvin Zariroh, sagði frá ákvæðum þess efnis í nágildandi kjarasamningi félagsins. Vinnutími akademísku starfsfólks er ekki tímamældur heldur er það ákvörðun skólans hversu margir tímar eru veittir fyrir tiltekna kennslu og því mikilvægast að ná fram samhljómi um talningu á kennslu áður en hægt er að fara í umræðu um styttingu vinnuvikunnar hjá akademísku starfsfólki

Ármann Höskuldsson, sagði frá vinnu starfshóps um greiðslufyrirkomulag kennslu akademískra starfsmanna og sagði frá því að þar sé verið að reyna að finna ákveðinn mælikvarða á kennslu fyrir skólann í heild.

Jóna Margrét Ólafsdóttir, spyr af hverju er ekki löngu búið að gera þennan mælikvarða ?

Ármann Höskuldsson sagði að það þyrfti tvo til og nú hafa fulltrúar HÍ loksins opnað á þennan möguleika.

Einar Guðbjartsson spyr hvort krafa hafi verið sett um að gera kerfið afturvirk, þegar það taki gildi.

Baldvin Zaroh, sagði að það hefði ekki verið gert.

Einar Guðbjartsson spyr hver ábatinn sé fyrir stofnunina að yfirvinna akademískra starfsmanna sé skert með þeim hætti sem nú er í stofnanasamningum. Hann myndi vilja að stjórn léti reikna út hversu mikið skólinn hafi sparað vegna þessa ákvæðis í stofnasamningnum.

Fundarstjóri tók til máls og benti á að fundartími aðalfundar hafi farið vel fram yfir auglýstan tíma og vildi fara að ljúka fundinum og gaf nýkjörnum formanni orðið.

Baldvin Zariroh, þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn. Hann bauð Jónu Margréti Ólafsdóttur sérstaklega velkomna í stjórn félagsins og þakkaði öðrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 14:45.

Fundarritari, Helga Birna Ingimundardóttir.